

Þorsteinn Gíslason, greiði 30 kr. sekt í landsjóð eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma. Hann greiði og áfrýjanda 40 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Nr. 45/1912

Jakob Möller  
 gegn  
 Þorsteini Gíslasyni

#### D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Jakob Möller bankarit-  
 ari fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Þorsteini  
 Gíslasyni ritstjóra blaðsins »Lögrétta« fyrir meiðyrði í  
 grein nokkurri nafnlausri með fyrirsögn: Landsbankinn  
 í 12. tbl. VIII árg. blaðsins, sem kom út 6 marz f. á., en  
 stefndi var með dómi réttarins, uppkveðnum 27. júní f. á.,  
 sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn  
 falla niður. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yf-  
 irdómsins með stefnu, dags. 5. okt. f. á., og krafist þess,  
 að dómnum verði hrundið, að stefndi verði dæmdur í  
 hæstu refsingu, sem lög ákveða, fyrir meiðandi og móðg-  
 andi ummæli um áfrýjanda, og til að greiða málskostnað  
 fyrir bæjarþingi og yfirdómi, svo og að hin átöldu um-  
 mæli verði dæmd dauð og ómerk.

Í fyrteðri blaðgrein heldur höfundurinn því meðal annars fram, að störfun í Landsbankanum séu, eftir að núverandi bankastjórnar tóku við stjórn hans, miklu verrækt en áður var, og í því sambandi bætir hann við svolátandi málsgrein: »Þó hefir nýjum og nýjum starfsmönnum og aðstoðarmönnum, sem gengið hafa til handa bankastjórum, sífelt verið við bætt, teknir á laun í bankanum flækingar og vandræðamenn, sem fengist hafa við ritgutl í Ísafold, svo að bankinn er nú alment nefndur »Letigarðurinn«. Áfrýjandinn er einn af hinum nýju starfsmönnum, sem getið er í málsgrein þessari, og lítur hann svo á, að ummælum hennar öllum sé beint til sín, ekki síður en annara starfsmanna, er bætt hefir verið við í tíð núverandi bankastjórnar. En þessi ummæli telur hann ærumeiðandi: »hafa gengið bankastjórum til handa«, »teknir á laun í bankanum flækingar og vandræðamenn«, »svo að bankinn er nú alment nefndur »Letigarðurinn««, og krefst hann ómerkingar á þeim og sektar fyrir þau á hendur stefnda.

Stefndi krefst hinsvegar staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Heldur hann því fram, að hin átöldu ummæli eigi ekki við áfrýjanda, er eigi sé nefndur í greininni, enda séu þau eigi ærumeiðandi.

Hinir nýju starfsmenn, sem Lögréttugreinin getur um, eru að sögn áfrýjanda, sem eigi er véfengd, 5 að tölu, og er áfrýjandinn einn þeirra. Um 2 af þeim hefir stefndi eftir áskorun þeirra lýst því yfir í blaði sínu, að ummælin ættu eigi við þá, en um hina 3, þar á meðal áfrýjanda, hefir hann, eftir kröfu þeirra látið þess getið í

blaðinu, að þeir hafi boðað sér lögsókn út af hinum átöldu ummælum.

Þó að það sé rétt, að áfryjandi er eigi nefndur í greininni, þó að stefndi, eins og hann fullyrðir, hafi eigi ætlað að beina umstefndum ummælum til áfryjanda, og þó að hann hafi lýst því yfir á sáttafundum og í varnarskjölum sínum í málinu, að þau ættu aðeins við annan nafngreindan starfsmann í bankanum, þá gat honum ekki dulist það, að ummælin voru þannig orðuð, að þau gátu átt við alla hina nýju starfsmenn í bankanum og hvern einstakan þeirra, og að það sérstaklega lá nærri, er stefndi hefir undanþegið 2 af þessum 5 starfsmönnum, að skilja orðin svo, að þau ættu við hina 3 nýju starfsmennina, þar á meðal áfryjanda, enda er því ekki neitað í málinu, að þeir hafi allir fengist við að rita í Ísafold. Nafnið »Letigarðurinn«, er hin umstefnda grein telur bankann hafa fengið á sig fyrir töku þessara nýju starfsmanna, bendir einnig til þess, að átt sé við þá alla 3 í greininni, svo margt sem fyrir var áður af starfsmönnum í bankanum, sbr. orð stefnda í framlögðu Lögréttu-blaði: þeir þrír af »öllum starfsmannafjölda Landsbankans«. Áfryjandi hafði því ástæðu til að ætla, að ummælunum væri beint til sín, og lesendur blaðsins höfðu einnig ástæðu til að skilja þau svo; og með því að orðin »flækingar« og »vandráðamenn«, svo og orðið »Letigarðurinn«, í því sambandi, sem það er sett við hina nýju starfsmenn bankans, eru ærumeiðandi fyrir áfryjanda, ber eftir kröfu hans að dæma þau dauð og ómerk. En ummælin »hafa gengið bankastjórunum til handa«. verða hinsvegar ekki talin varða við lög.

Fyrir meiyrdin verður stefndi að sæta sekt samkvæmt 219. grein hinna almænnu hegningarlaga, og þykir hún

hæfilega sett 30 kr., er renni í landsjóð, en í stað sektarinnar komi 6 daga einfalt fangelsi, ef hún er eigi greidd á réttum tíma.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, og ákveðst hann 40 kr.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjanda, Jakob Möller, eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi, Þorsteinn Gíslason, greiði 30 kr. sekt í landsjóð, eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma. Hann greiði og áfrýjanda 40 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 18/1912.

Magnús Torfason  
gegn  
Þorvaldi Jónssyni.

D ó m u r :

Í bréfi, dags. 28. nóv. 1910, til Magnúsar yfirrettar-málaflutningsmanns Sigurðssonar, fór áfrýjandi Magnús bæjarfógeti Torfason á Ísafirði svofeldum orðum um stefnda, Þorvald Jónsson útbúsbankastjóra þar: »Sama ofstoppan sýnir skjal það, er hann (stefndi) hefir smalað og látið smala 125 nöfnum á, og ei einstakt, að nokkur maður skuli leyfa sér að fleka samborgara sína til undirskrifta undir slíkt lygaskjal«. — — — »Þó tekur út yfir, að hann skuli jafn óþyrmilega hafa notað stöðu sína sem